

Miðvikudaginn 25. janúar 1978.

Nr. 188/1976. **Gunnar S. Gunnarsson og
Gunnar Sigurjónsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Hilmari Ingimundarsyni og
(sjálfur)
Ragnari Sigurðssyni
(enginn).

Fjárnám. Uppboð. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmannir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Olafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógeta í Reykjavík, framkvæmdi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, en Jónas Gústavsson, aðalfulltrúi yfirborgarfógeta, hélt hið áfrýjaða uppboð.

Áfrýjandi Gunnar S. Gunnarsson hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. október 1976, en áfrýjandi Gunnar Sigurjónsson með stefnu 22. nóvember s. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 11. nóvember s. á. Krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð og hin áfrýjaða uppboðsgerð verði úr gildi felldar og að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendum var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 27. október 1976.

Stefndi Hilmar Ingimundarson krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu réttargerða og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Ragnar Sigurðsson hefur eigi sótt þing fyrir Hæstarétti og enginn af hans hálfu. Engar kröfur hafa verið gerðar þar af hans hálfu.

Í áfrýjunarstefnu lýsa áfrýjendur hvor um sig kröfum sínum svo, að þeir krefjist þess, að hinni áfrýjuðu fógetagerð og hinni áfrýjuðu uppboðsgerð verði „ . . . hrundið og breytt

á þá leið, að allar kröfur hans fyrir fúgetadóminum og uppboðsdóminum verði teknar til greina . . .“. Endurrit hinna áfrýjuðu réttargerða bera ekki með sér, að sótt hafi verið þing af hálfu áfrýjenda eða að kröfur hafi verið gerðar af þeirra hálfu í fúgetarétti eða uppboðsrétti. Með hinum tilvitnuðu orðum er ekki nægilega greint, í hvaða skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjenda séu. Áfrýjunarstefnurnar fullnægja eigi ákvæðum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefnda Hilmari Ingimundarsyni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 30.000 krónur.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Gunnar S. Gunnarsson og Gunnar Sigurjónsson, greiði óskipt stefnda, Hilmari Ingimundarsyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Fjárnámsgerð fúgetaréttar Reykjavíkur 5. ágúst 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 5. ágúst, var fúgetaréttur Reykjavíkur settur að Suðurlandsbraut 113 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfúgeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A — 1648/1976: Hilmar Ingimundarson gegn Kristni Gunnarssyni o. fl.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings nr. 828/1976.

Nr. 1. Fylgir með í eftirriti.

Nr. 2. Fylgir með í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristján Stefánsson, cand. jur., og krefst fjárnáms fyrir kr. 20.000 með 2% mánaðarvöxtum af kr. 10.000 frá 15. október 1975 til 15. nóvember 1975, en af kr. 20.000 frá þeim degi til greiðsludags, í endurrits- og birtingarkostnað kr. 1.750, kr. 585 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 15.200 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 3.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Guðbrandur Benediktsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni R 41986, Saab, árgerð 1965, eign Gunnars Sigurjónssonar, Suðurlandsbraut 113.

Gerðarþola verður tilkynnt um fjárnámið í ábyrgðarbréfi. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur 25. september 1976.

Ár 1976, laugardaginn 25. september, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur að Sólvallagötu 79 og haldinn þar af aðalfulltrúa Jónasi Gústavssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að selja við opinbert uppboð bifreið og önnur vélknúin tæki eftir kröfu tollstjórans í Reykjavík, nokkurra lögmannna o. fl.

Fram er lagt í réttinum beiðnir um uppboðið ásamt fskj., þingm. nr. 1-122. Nr. 17-20 fylgja með í eftirriti.

Fyrir tollstjórann mæta Jón Björnsson og Sigurmar Albertsson, fyrir Gjaldheimtuna Páll Þorsteinsson héraðsdómslögmaður, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður, Skúli J. Pálmason hæstaréttarlögmaður, Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður, Jóhann Steinason hæstaréttarlögmaður, Ólafur Axelsson, Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður eru allir mættir, fyrir Útvegsbanka Íslands Jóhann Gíslason, Kristján Stefánsson fyrir Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmann.

Uppboðið fór þannig fram.

Lesnir uppboðsskilmálar.

.....

R 41986 talinn eig. Gunnar Sigurjónsson, Suðurlandsbraut, seldur eftir kröfu Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns kr. 33.000, kaupandi Ragnar Sigurðsson, Skólavörðustíg 18, nafn-nr. 7181-2502.

Áður en bifreiðin R 41986 var seld, lét uppboðshaldari þess getið, að ágreiningur væri um eignarrétt að bifreið þessari og hugsanlegt væri þess vegna, að uppboðssölu á bifreiðinni yrði áfrýjað.

Miðvikudaginn 25. janúar 1978.

Nr. 14/1978. **Hermína Marinósdóttir**
Auður Marinósdóttir og
Hulda Marinósdóttir
 gegn
Guðbjörgu Guðnadóttur
Sigursteini Marinóssyni
Eiði Marinóssyni og
Kristjáni Torfasyni, skiptaráðanda í
Vestmannaeyjum.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Dómarafulltrúi. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 4. janúar 1978, sem barst Hæstarétti 23. s. m., hafa sóknaraðiljar með heimild í 1. tl. a og 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Vestmannaeyja, uppkveðinn 13. desember 1977, en sóknaraðiljar fengu vitneskju um úrskurðinn 3. janúar sl. Með úrskurði þessum er hrundið kröfu sóknaraðilja um, að hinu reglulegi skiptaráðandi í Vestmannaeyjum víki sæti sem